



## Fundargerð stjórnar 13. desember 2016

Haldinn að Skallagrímögötu 7a kl. 20.00

### Mættir:

Sólrún Halla Bjarnafdóttir sambandsstjóri (SHB), Guðrún Þórðardóttir varasambandsstjóri (GP), Elva Pétursdóttir gjaldkeri (EP), Aðalsteinn Símonarson ritari (AS)

Pálmi Blængsson framkvæmdastjóri (PB), Sigríður Dóra Sigurgeirsdóttir tómsfundafulltrúi (SDS)

### Dagskrá:

1. Sambandsstjóri ber undir atkvæði fundargerð síðasta stjórnarfundar.
2. Verkefni undanfarið og framundan, skýrsla framkvæmdastjóra.
3. Íþróttamaður ársins, skipun í valnefnd og tímasetningar.
4. Uppgjör ULM, lokaskýrsla.
5. Frístundastyrkur, reglur og fyrirkomulag.
6. Tómsfundamálin, skýrsla tómsfundafulltrúa.
7. Önnur mál.

---

### 1. Sambandsstjóri ber undir atkvæði fundargerð síðasta stjórnarfundar.

Undirrituð og samþykkt án athugasemda.

### 2. Verkefni undanfarið og framundan, skýrsla framkvæmdastjóra.

- Bókhald til og með nóvember komið til KPMG.
- Búið er að senda inn umsókn um að gerast fyrirmyndar héraðssamband, fyrsta hjá ÍSí. Um er að ræða drög til yfirlstrar og er stefnt á að formleg útnefning getir farið fram á næsta sambandsþingi.
- Skoðað hefur verið lauslega í samráði við húsráð með kostnað við að endurvekja bíó í Óðal. Tækjabúnaður til sýninga er áætlað að kosti 5-12 milljónir eftir hve vandaðan búnað um er að ræða.
- Sent hefur verið erindi á Hvalfjarðarsveit um þátttöku í útnefningu á íþróttamanni Borgarfjarðar og afreksmannasjóði. Staða á þessu þarf að skýrast vegna umsóknar um að gerast fyrirmyndarsamband.
- Búið er að borga út til aðildarfélaganna vegna ULM, unnið er að lokauppgjöri mótsins.
- PB færði Skallagrím skjöld á 100 ára afmæli félagsins. Ekkert virðist hafa verið gert af hálfu stjórnar fyrir þau félög sem hafa náð sama áfanga á undanförunum árum ☺
- PB nefndi tvö dæmi um mál sem Borgarbyggð / sveitarstjóri hefur svaraði beint en heyrta ótvírætt undir þjónustusamninginn og hefðu átt að koma inn á borð sambandsins.
- Sent hefur verið erindi á Guðrúnu Hilmis sviðsstjóra hjá Borgarbyggð um endurskoðun / stækkun á þeim svæðum sem falla undir samning um umhirðu íþróttasvæða.
- UMFÍ er að byrja með átaksverkefni til að auka þátttöku íbúa af erlendum uppruna í íþróttum. Óskar félagið eftir hugmyndum og áhugasömum þátttakendum.



### 3. Íþróttamaður ársins, skipun í valnefnd og tímasetningar.

Badmintondeild Skallagríms mun sjá um kaffiveitingar. Ákveðið að útnefningin verði haldin í Lyngbrekku 14. janúar, PB mun finna út nákvæma tímasetningu í samráði við sambandsstjóra. Ákveðið að tilnefna Kristján Magnússon á Snorrastöðum í valnefndina fyrir hönd stjórnar.

### 4. Uppgjör ULM, lokaskýrsla

Gjaldkeri unglingslandsfélagsnefndar er að ganga frá endanlegum rekstrarreikningi, verður tilbúinn á næstu dögum.

SHB hitti Björn Bjarka og Gunnlaug frá Borgarbyggð varðandi bréf til stjórnar UMFÍ sem rætt var á síðasta fundi. Bréfið var síðan sent, undirritað af SHB og sveitarstjóra. Komin er ósk frá framkvæmdastjóra UMFÍ um nánari útlitun á hvað betur má fara. Jafnframt hefur borist skýrsla frá framkvæmdastjóra ULM, Ómari Braga Stefánssyni hjá UMFÍ. Ákveðið að taka málið fyrir á næsta stjórnarfundi.

### 5. Frístundastyrkur, reglur og fyrirkomulag.

Yfirvöld í Borgarbyggð hafa ákveðið að veita frístundastyrk vegna þátttöku barna og unglinga í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi. Samdar hafa verið reglur þar um sem sambandið gaf umsögn sína um.

Skilyrði fyrir nýtingu iðkenda á styrknum er að þeir verði skráðir til þátttöku í gegnum kerfið Nóra sem hefur verið í boði fyrir aðildarfélög sambandsins í tæpt ár. Flest eru þau langt komin með innleiðingu og sum byrjuð að nota kerfið.

### 6. Tómstundamálin, skýrsla tómstundafulltrúa.

- Borgarbyggð hefur ákveðið að fara í viðhaldsaðgerðir í Óðal, s.s. skipta um teppi, klósett og e.t.v. fleira. Ekki er búið að ákveða tímasetningu á þessum framkvæmdum.
- SDS er búin að fara í skólana í uppsveitunum og ræða við skólastjórnendur til að heyra í þeim hljóðið og undirbúa næstu önn.
  - Gerð verður könnun á næstunni varðandi áhuga iðkenda á Varmalandi.
  - Krafa um að aðstaða sé í Borgarnesi fyrir krakka sem bíða milli tómstundarútu og æfinga.
  - Búið að leggja fyrir áhugakönnun á Hvanneyri um æfingar þar.
- Sveitarstjórn hefur samþykkt tillögu fræðslunefndar að bjóða uppá tómstundabíl fyrir unglinga úr sveitunum eitt kvöld í viku. Verður boðið upp á mat í Óðal þau kvöld.

### 7. Önnur mál.

Ekkert tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 21.25.